

Fréttabréf

Grunnskóla Hornafjarðar



2. tbl. 11. árg. febrúar 2017

Ábyrgðarmaður: Þórgunnur Torfadóttir

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar

Mánudaginn 6. mars kl. 15:00 verður lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í Hafnarkirkju. Á lokahátíðinni reyna nemendur úr Grunnskóla Hornafjarðar og Djúpavogsskóla með sér í upplestri. Nú þegar hafa nemendur reynt með sér innan skólanna og þeir sem komust áfram þar keppa til úrslita á mánudag.

Allir eru velkomnir á hátíðina og eru foreldrar og forráðamenn auk lestrarvina skólans sérstaklega boðnir velkomnir.



Sjálfsmat

Sjálfsmat er eitt af lögbundnum hlutverkum skóla en með því er kannað hvort settum markmiðum í skólastarfinu hafi verið náð. Sjálfsmat fer fram með ýmsu móti. Ein leiðin er að leggja fyrir kannanir og í tengslum við foreldraviðtölin í haust voru foreldrar sem eiga börn í 2. 4. 7. og 10. bekk beðnir um að svara einni sjálfsmatskönnun. Í febrúar svöruðu síðan nemendur í 4. 7. og 10. bekk annarri könnun. Niðurstöður falla í þrjá flokka; mjög gott, ásættanlegt og óásættanlegt. Mjög gott þýðir að þeir þættir eru sterkir hjá skólanum og ætti að viðhalda. Þættir sem fá niðurstöðuna óásættanlegt eru þættir sem þarf að horfa til en eru þó í lagi. Þættir sem fá niðurstöðuna óásættanlegt þarf að vinna sérstaklega með og setja í rýnihópa.



Niðurstöður foreldrakönnunarinnar eru eftirfarandi.

Niðurstöður eftirfarandi spurninga féllu undir viðmiðið **mjög gott**:

Foreldrar telja að barninu þeirra líði vel í skólanum, að starfsfólk komi fram við barnið af virðingu og sanngirni og finnst að barnið fái að njóta sín í skólanum.

Foreldrar eru ánægðir með skólann, þeir telja að námsþörfum barnsins sé vel sinnt, eru ánægðir með agann í bekknum og telja að barnið sé öruggt í skólanum. Þeim finnst einnig að barnið fái einkunnir og umsagnir í samræmi við það sem vænta má og þeir eru ánægðir með tilhögun prófa og kannana í skólanum. Ánægja er meðal þessara foreldra með samstarf við umsjónarkennara, þeim finnst foreldraviðtöl (skólasetningarviðtöl og við annarskil)

mjög gagnleg og fæstir telja þörf á auknu samstarfi við umsjónarkennara. Þeim finnst þeir fá nægar upplýsingar um barnið, nám þess, gengi og líðan í skólanum og eru ánægðir með gagnsemi frammistöðumatsins. Einnig telja foreldrar að fagmennska og hæfni starfsfólks skólans sé góð og eru ánægðir með stjórnun skólastarfsins. Fram kemur ánægja með skólanámskrá skólans, vikubréfin sem umsjónarkennarar senda frá sér og fréttabréf skólans. Foreldrar telja að skólastarfið svari þeim kröfum sem eðlilegt er að gera til skóla í nútímasamfélagi og ánægja kemur fram með húsnaði skólans.



Þær niðurstöður sem féllu undir viðmiðið **ásættanlegt** voru svör við því hvernig foreldrum finnst skólastarfinu hafa miðað í heild undanfarin ár, hversu mikla ábyrgð þeim finnst barnið taka á eigin námi og hvort þeir ræði við barnið um námið. Þá finnst foreldrum ásættanleg sú fjölbreyttni sem er í náms- og kennsluaðferðum, hvað skólabragurinn stuðlar að árangri í skólastarfi, þátttaka íbúa í skólastarfinu á viðburðardögum, hádegisverðinn í mötuneytinu og störf foreldrafélagsins.

Eitt atriði fékk niðurstöðuna **óásættanlegt** hjá foreldrum en þeir eru ekki ánægðir með skólalóðina.

Einnig var spurt út í hvort foreldrar ræddu um einelti við barn sitt og hvort barnið hafi orðið fyrir einelti í skólanum. 3,28 % foreldra sögðu barn sitt hafa orðið fyrir einelti en það eru miklar breytingar frá í fyrra en þá svöruðu 25% foreldra að barnið hefði orðið fyrir einelti.

Af spurningum sem ekki var lagt mat á út frá viðmiðum kom fram að 97% foreldra töldu sig geta mælt með skólanum við aðra foreldra, 93% foreldra sem hafa

átt börn í öðrum skólum eru á móta sáttir eða sáttari við Grunnskólann og 77% foreldra fannst heimanámið vera hæfilegt. 86% foreldra voru tilbúnir að taka þátt í áframhaldandi þróun skólastarfs með þátttöku í mati á starfinu og flestir foreldrar nýta sér MENTOR til að fá upplýsingar um barnið og nám þess.

Þá vildu foreldrar koma á framfæri ánægju með nýjar áherslur í lestri og stærðfræði og vilja sjá meiri upplýsingar inni á Mentor. Einnig kom fram að foreldrar vildu koma oftar inn í skólann til að sjá kynningar, leikrit eða annað skapandi starf hjá nemendum.

Nemendakönnun í febrúar

Eftirfarandi spurningar úr könnuninni féllu undir viðmiðið **mjög gott**: Nemendum líður mjög vel í skólanum og finnst þeir vera öryggir þar, þeim finnst námsþörfum sínum vel sinnt, þeir eru ánægðir með bekkinn sinn og skólann og finnst vera komið fram af sanngirni og virðingu við þá. Þeir fylgjast frekar vel með í kennslustundum og það skiptir þá máli að standa sig vel í skólanum og finnst að námið við skólann undirbúi þá vel fyrir framtíðina. Þeim finnst samskipti nemenda á millum vera góð sem og samskipti þeirra við kennara og annað starfsfólk skólans. Þau fá aðstoð í skólanum varðandi námið og eru ánægð með húsnæði skólans. Þær niðurstöður sem féllu undir viðmiðið **ásættanlegt** voru svör nemenda við eftirfarandi spurningum:

Nemendum finnst oftast tekið tillit til skoðanna þeirra, finnst þeir taka frekar mikla ábyrgð á eigin námi, hafa frekar mikinn áhuga á skólanum og finnst frekar góður vinnufriður og ræða frekar mikið við foreldra sína um námið. Nemendum finnst að nemendur sem lenda í erfiðleikum í samskiptum fái frekar oft hjálp og ef þeir þurfi aðstoð varðandi félagslega þætti þá fá þeir hana oftast. Nemendum fannst ásættanlegt hvað íbúar samfélagsins taka mikinn þátt í skólastarfinu, fannst náms- og kennsluaðferðir skólans ásættanlegar sem og frammistöðumatið og einnig fannst þeim ásættanlegt hvernig þeim er hrósað fyrir vel unnin verk í skólanum. Einnig fengu skólalóðin og hádegisverðurinn ásættanlega einkunn.

Ekkert atriði féll undir viðmiðið **óásættanlegt**.

Auk þessa voru nemendur spurðir hvort þeir hefðu verið lagðir í einelti á þessu skólaári og svöruðu 12,3% því játandi, flestir þeirra sögðust hafa fengið aðstoð eða hjálp vegna þessa í kjölfarið. 28% nemenda hafa orðið varir við að nemendur hafi verið lagðir í einelti á þessu skólaári og í kjölfarið létu þeir vita í skólanum eða reyndu að hjálpa þeim sem urðu fyrir einelti en 17% nemenda aðhöfðust ekkert.

Af spurningum sem ekki var lagt mat á út frá viðmiðum kom fram að 58% nemenda finnst námið auðvelt eða frekar auðvelt, 62,5 % finnst heimanámið vera hæfilegt, 22% nemenda taka aldrei þátt í íþrótt- eða tómstundastarfi utan skólans. Nemendur í 7. og 10. bekk voru spurðir um hvort þeir ætluðu í framhaldsskóla og svöruðu 83% já en hinir voru óvissir. Rétt rúmur helmingur nemenda skólans

þekkir kjörorðin og 70 % þeirra nemenda sem hafa verið í öðrum skólum er sáttari eða jafn sáttir við Grunnskóla Hornafjarðar.

Annað sem nemendur vilja koma á framfæri er að þeim finnst vanta rólur á skólalóðina, pool-borð eða þythokký á eldra stigið og stólar í skólastofum mættu vera þægilegri. Einnig kom fram hjá nemendum að það eigi ekki að veita nemendum aukinn skilafrest nema þá þannig að einkunnir nemenda lækki með auknum skilafresti.

Matseðill í mars

6.mar	Eggjasteiktur fiskur með kartöflum.
7.mar	Kjötfarsbollur með káli og feiti.
8.mar	Steikt rauðspretta með smjöri.
9.mar	Hakk og spagetti.
10.mar	Súpa, brauð og álegg.
13.mar	Nætursaltaður fiskur með rúgbrauði.
14.mar	Grísasteik með kartöflum og sósu
15.mar	Fiskréttur með hrísgrjónum.
16.mar	Píta með buffi.
17.mar	Kakósúpa.
20.mar	Plokkfiskur með rúgbrauði.
21.mar	Núðluréttur með kjúkling.
22.mar	Fiskibúðingur með karrýsósu.
23.mar	Pylsupottréttur með kartöflumús.
24.mar	Kjötsúpa.
27.mar	St. Fiskur með kartöflum.
28.mar	Vínarsnitsel m. st. Kartöflum og sósu
29.mar	Fiskibollur með laukfeiti.
30.mar	Kjúklinganaggar með hrísgrjónum.
31.mar	Grjónagrautur brauð og álegg.



Verndum umhverfið – hugum að heilsunni

Göngum eða hjólum í skólann, notum hjálm og endurskinsmerki þegar dimmt er og svo eru regnföt nauðsynleg hverjum Skaftfelling. 😊